

Föstudaginn 5. nóvember 1982.

Nr. 265/1981. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristni Viðari Sverrissyni

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds var málinu einnig áfrýjað til þyngingar, en við flutning málsins hefur verið fallið frá þeirri kröfu og krafa gerð um staðfestingu héraðsdóms. Fallið hefur verið frá tilvitnunum í ákærum til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms tvívegis verið dæmdur í refsingu fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot, hinn 7. desember f. á. í 40 daga fangelsi og 28. maí sl. í 4 mánaða fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að brot ákærða verða nú ekki heimfærð undir áfengislög.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 2. júlí 1981.

Mál þetta, sem höfðað er hér fyrir dómi með þremur ákæru-skjölum ríkissaksóknara, dagsettum 5. maí 1981, 7. maí 1981 og 25. júní 1981, var dómtekið 2. júlí 1981. Málið er höfðað á hendur Kristni Viðari Sverrissyni sjómanni, Grundargerði 3 E á Akureyri, fæddum 10. febrúar 1962 í Reykjavík:

I. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1981,

„fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt laugardagsins 21. febrúar 1981 bifreiðina U 2860 í grennd við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt, til Hafnarfjarðar og aftur til Reykjavíkur og aka þá gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Grensásvegar og Suðurlandsbrautar, en þá stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 7. maí 1981,

„fyrir að taka í heimildarleysi mánudaginn 23. mars 1981 bifreiðina R 4876 við Grettisgötu 38 í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, inn á Kringlumýrarbraut og aka þar svo óvarlega, að bifreiðin rakst aftan á bifreiðina G 9536 rétt við Miklubraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

III. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 25. júní 1981, „fyrir að hafa í maí 1981 tekið bifreiðar í heimildarleysi og ekið þeim undir áhrifum áfengis og ævilangt sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem rakið er:

- 1) Aðfaranótt föstudagsins 15. A 7345 frá Strandgötu 23 á Akureyri um götur bæjarins, uns akstrinum lauk við Hótel Varðborg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

- 2) Þessa sömu nótt A 5932 frá Munkapverárstræti 6 á Akureyri um götur bæjarins og norður Hörgárbraut, þar til bifreiðin varð bensínlaus við Lónsbrú.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

- 3) Aðfaranótt laugardagsins 30. H 368 frá porti Vélsmiðjunnar Vísis á Blönduósi, uns akstri lauk efst á Hlíðarbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði, dagsettu 30. apríl 1981, sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1979 4/2 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 á Akureyri: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13/8 1979.

1980 12/5 á Akureyri: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 1. og 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga

og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómshirtingu.

1980 29/9 á Akureyri: Dómur: 15 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár (hegningarauki), fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga, 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29/9 1980.

1981 29/1 á Akureyri: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt dómabók sakadóms Akureyrar var ákærði með dómi frá 29. sept. 1980 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, en ekki „sviptur ökuleyfi ævilangt“, eins og segir í sakavottorðinu.

Málavextir eru þessir:

I.

Laugardaginn 21. febrúar 1981, kl. 0353, urðu lögreglumenn í Reykjavík varir við ferðir bifreiðarinnar U 2860, þar sem henni var ekið norður Grensásveg að Suðurlandsbraut og hún stöðvuð. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið af stað á móti rauðu ljósi, en akstur hennar stöðvaður vestan gatnamótanna og ökumaðurinn, sem reyndist vera ákærði, handtekinn.

Kl. 0348 hafði eigandi bifreiðarinnar, Kristján Ragnarsson, tilkynnt til lögreglunnar, að henni hefði verið stolið frá veitingahúsinu Klúbbnum.

Ákærði kvaðst hafa verið við veitingahúsið Klúbbinn, en ekki komist þar inn. Hefði hann þá gengið suður fyrir húsið og séð þar bifreiðina U 2860 og þá ákveðið að reyna að gangsetja hana. Það hefði reynst auðvelt, þ. e. kveikjulaslykillinn hefði verið í bifreiðinni. Þegar eigandi bifreiðarinnar lagði fram formlega kæru, lét hann þess getið, að kveikjulaslykillinn hefði verið í kveikjulasnum, vegna þess að bilun hefði átt sér stað, þannig að ekki hafi verið hægt að ná honum úr. Ákærði kveðst síðan hafa ekið af stað og í fyrstu hafa ætlað að aka til Njarðvíkur, en ekki ekið lengra en til Hafnarfjarðar, þar sem hann hefði staldrað aðeins við, en verið á leið að Klúbbnum til að skila bifreiðinni, er akstur hans hefði verið stöðvaður. Ákærði kvaðst

hafa drukkið um hálfa flösku af brennivíni frá um kl. 1700 daginn áður og fram að þeim tíma, er hann tók bifreiðina. Hann kveðst þó ekkert hafa drukkið, meðan á akstrinum stóð eða eftir að honum lauk.

Sama dag, kl. 0410, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða. Ákærði viðurkenndi akstur bifreiðarinnar U 2860, réttindalaus, frá Klúbbnum, þar sem hann kvaðst hafa tekið bifreiðina í heimildarleysi, skömmu áður en lögreglan stöðvaði aksturinn. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi frá kl. 1700 daginn áður til um kl. 0200 þá um nóttina. Ákærði játaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærða kemur fram í skýrslunni, að áfengisþefur af andardrætti hans var talsverður, andlitið eðlilegt, fatnaður aflaga, framkoma kurteis, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Sama dag, kl. 0950, var enn tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglunni í Reykjavík. Er hún í öllum meginatriðum í samræmi við það, sem áður er fram komið. Þó sagði ákærði nú, að hann hefði byrjað að drekka áfengi um kl. 2000 og drukkið um það bil eina flösku af brennivíni til kl. 0100. Ákærði skýrir enn fremur svo frá atburðum, eftir að hann tók bifreiðina: „Ég var talsvert ölvaður, þegar ég lagði af stað. Ég er ókunnugur í borginni og þekki því ekki nöfnin á þeim götum, sem ég ók um, en ég ók suður í Hafnarfjörð og ætlaði að hitta kunningja minn, sem býr að Vesturbraut 2, en þar var enginn heima. Síðan ætlaði ég að aka suður í Njarðvík, en fór þá að hugsa málið og ákvað að fara til baka og skila bílnum aftur á sama stað og ég tók hann. Ég ók síðan til baka og var stöðvaður af lögreglunni, þegar ég kom til Reykjavíkur aftur. Ég man eftir að hafa ekið yfir gatnamót á móti rauðu ljósi, rétt áður en lögreglan stöðvaði mig.“ Hann kvaðst aldrei hafa tekið öikumanspróf.

Eigandi bifreiðarinnar lýsti því yfir, að bifreiðin hefði ekkert skemmt í meðförum ákærða, en bifreiðin var Saab 96, árgærd 1974.

Helgi Sigurðsson læknir tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 0440 þennan dag, og reyndist alkóhólmagn í blóði vera 1.38‰.

Með vísan til játningar ákærða svo og annarra gagna málsins, sem rakin eru hér að framan, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1981. Brot ákærða eru þar rétt færð til refsíákvæða.

II.

Mánudaginn 23. mars 1981, kl. 1845, kom lögreglan í Reykjavík að Kringlumýrarbraut við Miklubraut, þar sem bifreiðinni G 4876 hafði verið ekið aftan á bifreiðina G 9536. Ökumaður bifreiðarinnar G 4876, Cortina fólksbifreið, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, virtist ölvaður og var óstöðugur í göngulagi, og lagði sterka áfengislykt frá vitum hans. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði stolið bifreiðinni í götu, sem hann vissi ekki, hvað hét, og verið búinn að aka í um 5 mínútur, þegar lögreglan kom að. Hann viðurkenndi að vera undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa drukkið eina flösku af sherry frá kl. 1500 þá um daginn og þar til skömmu áður en hann hóf aksturinn. Hann kvaðst vera ökuréttindalaus.

Ökumaður G 9536 skýrði svo frá, að hann hefði komið akandi suður Kringlumýrarbraut, og við Háaleitisbraut kvaðst hann hafa séð til ferða G 4876 og við gatnamót Miklubrautar hefði hann stöðvað vegna umferðarljósa og verið kyrrstæður, er bifreiðinni G 4876 var ekið aftan á bifreið hans.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: Á G 4876 höggvari og svunta að framan dælduð, og á G 9536 var ákoma á dráttarkrók.

Sama dag, kl. 1905, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða, og var framburður hans þá í samræmi við það, sem áður er fram komið. Ákærði kveðst hafa fundið aðeins til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og einkenni ákærða kemur fram, að sterkur áfengisþefur var af andardrætti hans, andlitið þrútið, fatnaður óhreinn, framkoma kurteis, augu blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Eigandi bifreiðarinnar G 4876, Guðjón Skúlason, skýrði frá því, að bifreiðin hefði staðið við hús nr. 38 við Grettisgötu í Reykjavík, er hún var tekin. Hann kvað þær skemmdir hafa orðið á bifreiðinni, að afturljósagler hefði brotnað og auk þess væri framhöggvari og svunta skemmd.

Vaktlæknir á slyshadeild Borgarspítalans í Reykjavík tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 1940 þennan sama dag, og reyndist alkóhólmagn í blóði vera 1.76%.

Þann 24. mars 1981, kl. 0940, var tekin skýrsla af ákærða af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Hann kvað þá 4 félaga hafa keypt 2 flöskur af brennivíni og 2 flöskur af sherry daginn áður og þá hafa byrjað áfengisneyslu um hádegis, en seinni part dagsins hafi hann orðið viðskila við félaga sína og hafi einn tekið

bifreiðina G 4876 ófrjálsri hendi í götu, er hann ekki vissi nafn á. Hafi hann gangsett bifreiðina, sem var ólæst, með skráfjární, er hann var með í fótum sínum. Hafi hann ekki ætlað að aka neitt sérstakt á bifreiðinni og hafi akstrinum lokið skömmu síðar, er hann lenti í framangreindum árekstri. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og aldrei öðlast ökuréttindi. Hann lýsti sig reiðubúinn til að greiða hugsanlegar skaðabætur vegna tjónsins, er hann olli.

Með vísan til játningar ákærða svo og annarra gagna málsins, sem rakin eru hér á undan, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 7. maí 1981. Þó ber að geta þess, að ákærði hefur aldrei öðlast ökuleyfi og ók því ekki „sviptur ökuréttindum ævilangt“, eins og segir í ákæruskjali, heldur sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Brot ákærða eru í ákæruskjali rétt færð til refsí- ákvæða.

III.

1. og 2. ákæruliður.

Föstudaginn 15. maí 1981, kl. 1459, barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að bifreiðin A 7345 væri horfin, en hún væri af gerðinni Taunus 17, station, blágrá að lit. Eigandi bifreiðarinnar, Einar M. Jóhannesson, kvaðst hafa skilið við bifreiðina kvöldið áður við heimili sitt að Strandgötu 23, Akureyri, og hefðu straumláslyklarnir orðið eftir í bifreiðinni fyrir mistök. Hann kveðst síðan hafa ætlað að nota bifreiðina nú fyrir stundu og hafi hún þá verið horfin. Skömmu síðar fann lögreglan umrædda bifreið á bifreiðastæði á bak við Hótel Varðborg á Akureyri. Virtist bifreiðin óskemmd, en straumláslyklar voru ekki sjáanlegir í bifreiðinni.

Sama dag, kl. 0820, tilkynnti Hreinn Laufdal, að bifreiðin A 5932, sem hann væri eigandi að, hefði horfið þá um nóttina. Bifreiðin væri af Volkswagen gerð (bjalla), árg. 1965, hvít að lit með appelsínugulum aurbrettum og vélarloki. Hreinn kvað bifreiðina hafa verið læsta og hafi hún staðið framan við húsið að Munkaþverárstræti 6 á Akureyri.

Þann 5. júní 1981, kl. 0955, tók rannsóknarlögreglumaður skýrslu af ákærða á lögreglustöðinni á Akureyri. Ákærði kvaðst hafa byrjað að drekka áfengi skömmu eftir hádegi fimmtudaginn 14. maí og hafa verið við þá drykkju í bifreið hjá Ólafi Guðmundssyni. Ákærði kvaðst hafa átt eina flösku af brennivíni, sem hann hefði drukkið úr eftir að hafa blandað það með

kóki. Einnig hafi hann átt eina flösku af rauðu Twenty One, sem hann hefði drukkið úr ásamt vinum sínum. Kveðst ákærði hafa verið orðinn mjög ölvaður, þegar vínið var allt búið, en þá álitur hann, að komið hafi verið fram undir miðnætti. Ákærði kveðst þá hafa farið úr bifreiðinni í miðbænum. Hafi hann þá meðal annars farið niður Strandgötu. Ákærði segir, að sér hafi þá allt í einu dottið í hug að stela bifreið til að fara á til Reykjavíkur til að ná í kaupið sitt, sem hann hafi átt ógreitt þar.

Ákærði sagði svo frá atvikum: „Ég man, að ég kom að bifreið af gerðinni Taunus 17M, sem var blágrá að lit og mun hafa skráningarnúmerið A-7345. Kveikjúláslyklar stóðu í lásnum. Settist ég því inn í bifreiðina, gangsetti hana og ók af stað. Ég ætlaði að reyna að fá einhvern með mér suður, svo ég ók vestur Strandgötu, norður Glerárgötu og vestur Gránufélagsgötu og síðan inn á bifreiðastæði vestan við Borgarbíó. Þar fór ég úr bifreiðinni og gekk inn í miðbæ til að athuga, hvort ég hitti ekki einhvern, sem vildi koma með mér. Kunningi minn, er ég hitti í gær, sagði mér, að ég hefði talað við hann um það, en hann ekki viljað koma með. Mig minnir, að ég hafi þá farið aftur út að Borgarbíói. Þá var þar á sama stæði einnig Escort bifreið. Ég mundi ekki, á hvorri bifreiðinni ég hafði verið, og settist því inn í Escort bifreiðina og reyndi að gangsetja hana með lyklunum úr Taunusnum. Það tókst ekki betur en svo, að ég braut lyklana í kveikjúlásnum. Ég gekk því aftur inn í miðbæ og hitti þar Ólaf Guðmundsson, sem ók mér heim til ömmu minnar, sem býr í Munkaþverárstræti nr. 5 á Akureyri. Þar fór ég inn, en dvaldi ekki lengi, því að ég hafði séð VW-bifreið, er ég gekk inn, sem ég ákvað að taka og fara á til Reykjavíkur. Ég fór því út aftur. Bifreiðin, sem mun hafa skráningarnúmerið A-5932, var læst, en læsingin var orðin það slitin, að ég gat opnað hana með litlum hníf, er ég var með. Ég fór síðan fram í bifreiðina og tengdi þar saman víra, þannig að ég gat sett straum á bifreiðina. Ég renndi henni síðan aðeins frá þeim stað, er hún stóð á, en hún hafði staðið í Munkaþverárstræti fyrir framan hús nr. 3, að mig minnir. Ég gat svo rennt henni í gang aðeins norðar í götunni. Þá beygði ég vestur Bjarkastíg, suður Þórunnarstræti, vestur Hamarsstíg og hélt áfram vestur Þingvallastræti og vestur fyrir Rangárvalli, en þar ók ég einhvern götuslóða til norðurs, þar til ég komst inn Hlíðarbrautina, er ég ók norður og síðan norður Hörgárbraut, þar til bifreiðin varð bensínlaus skammt norðan við Lónsbrú. Þaðan gekk ég heim í Munkaþverárstræti

og ákvað að láta staðar numið. Ég fann til verulegra áfengisáhrifa við aksturinn, en það kom ekkert fyrir, og tel ég mig hafa haft gott vald á bifreiðinni. Ökuleyfi hef ég ekki og hef aldrei fengið, þar sem ég hef verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.“

Með játningu ákærða svo og öðrum gögnum, sem rakin eru hér að framan, telst fullsannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í 1. og 2. lið ákæruskjals, dags. 25. júní 1981. Brot ákærða eru færð rétt til refsíákvæða í ákæruskjali.

3. ákæruliður.

Laugardaginn 30. maí 1981, kl. 0400, barst lögreglunni í Húnavatnssýslu tilkynning um ölvaðan mann, sem væri á ferð á Hlíðarbraut á Blönduósi. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar fyrir mann, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Hann kvaðst hafa tekið bifreið skömmu áður niður við Vísi s/f og ekið henni sem leið liggur upp í hverfið og hefðu lyklar staðið í kveikjúlásnum. Bifreiðin, sem var blá Taunus fólksbifreið, hafði skráningar-númerið H 368. Var greinilegt af förum eftir bifreiðina, að aksturinn hafði verið mjög skrykkjóttur upp Hlíðarbrautina, og kvaðst ákærði hafa ekið henni aftur á bak, þar sem hún hefði verið föst í gír.

Sama dag, kl. 0439, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða vegna meintrar ölvunar við akstur. Ákærði viðurkenndi að hafa verið að drekka áfengi með kunningjum sínum frá því kl. 2200, þangað til hann tók bifreiðina traustataki. Ákærði kveðst hafa drukkið eina flösku af vodka á þessum tíma í húsi á Blönduósi og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærða kemur fram, að talsverður áfengisþefur var af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, fatnaður óhrein vinnuföt, framkoma kærulaus, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Sama dag, kl. 1215, var enn tekin skýrsla af ákærða af lögreglunni í Húnavatnssýslu. Hann kvaðst hafa farið og tekið bifreiðina H 368, þar sem hún stóð í porti Vélsmiðjunnar Vísis með kveikjúláslyklum í. Kveðst hann hafa ekið bifreiðinni upp hjá verslunarhúsi KAH og upp á Hlíðarbraut, þar sem lögreglan hafi komið að.

Helga Björnsdóttir læknir tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 0420 sama dag, og reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1.90‰.

Ákærði kom fyrir sakadóm Akureyrar föstudaginn 5. júní og játaði að hafa tekið bifreiðina H 368 ófrjálsri hendi á Blönduósi aðfaranótt 30. maí sl. og ekið henni ölvaður nokkur hundruð metra og síðan yfirgefið hana. Hann kveðst hafa byrjað að drekka áfengi um kl. 2000 kvöldið áður, en á Blönduósi hafi verið pólskt skip og hafi hann fengið keyptar í skipinu eina heilflösku af spíritus, sennilega um 75% að styrkleika, og eina heilflösku af koníaki. Ákærði kveðst síðan hafa verið við drykkju ásamt kunningjum sínum í verkamannabústað á Blönduósi. Hafi hann síðan ætlað að ganga að Njálssstöðum, sem séu í um 8 km fjarlægð frá Blönduósi, en fyrst ætlað að hafa tal af stúlku inni í þorpinu og því gengið þangað og þá rekist á bifreiðina H 368 og tekið hana traustataki. Hafi bifreiðin verið ólæst og straumláslyklar í kveikjúlás hennar. Ákærði gaf þá skýringu á háttsemi sinni, að oft þegar hann væri undir áhrifum áfengis, fái hann óstjórnlega löngun til þess að aka bifreið og taki hann þá bifreiðar ófrjálsri hendi.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum, sem rakin eru hér að framan, er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í 3. lið ákæruskjals, dags. 25. júní 1981, og varðar við þau refsíákvæði, sem þar eru tilgreind.

Verjandi ákærða gerir þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot sín. Bendir hann á ungan aldur ákærða honum til málsbóta svo og undanbragðalausar játningar á atferli hans, einnig það, að ákærði sé vart ábyrgur gerða sinna undir áfengisáhrifum, en öll brotin hafi hann framið í því ástandi. Einnig sé fangelsisvist lítt fallin svo ungum manni til betrunar. Á þessi sjónarmið má fallast, en hins vegar telur dómarrinn það eftir ítarlegar viðræður við ákærða, að honum sé fullljóst, hverjar afleiðingar áfengisneysla hans kunni að hafa í för með sér og sé því fyllilega sakhæfur, en virðist skorta átakanlega vilja eða löngun til þess að snúa við á þeirri braut síbrota, sem hann nú er kominn á.

Ákærði hefur í máli þessu gerst sekur um fimm brot, og ber því að ákveða refsingu hans nú í samræmi við 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði hlaut ákærði skilorðsbundinn dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, umferðarlögum og áfengislögum þann 29. janúar 1981 í sakadómi Akureyrar. Var refsing þá ákveðin 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár. Ákærði hefur rofið skilorðið með þeim brotum,

sem hann er í þessu máli fundinn sekur um að hafa framið. Verður refsing hans því ákvörðuð með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur með þeirri háttsemi, sem að framan greinir, unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi í 20 daga vegna rannsóknar á því máli, sem dæmt var 29. janúar sl., og í 27 daga vegna rannsóknar á máli þessu, eða í 47 daga alls. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðaldsvistin komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Viðar Sverrisson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingunni skal draga 47 gæsluvarðaldsdaga að fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Ákærði er sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.